

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði.

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að stofna til viðræðna við Rauða krossinn í Reykjavík um tímabundna nýtingu á bíl Frú Ragnheiðar sem neyslurými til bráðabirgða og hefja undirbúning umsóknar til Landlæknisembættisins bæði varðandi þann rekstur og rekstur neyslurýma fyrir notendur þjónustu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar. Áætlaður kostnaður vegna samningsins við Rauða krossinn greiðist af framlagi ríkisins til verkefnisins. Ennfremur verði greiðslubátttaka ríkisins könnuð í tengslum við uppsetningu neyslurýma í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Í maí 2020 samþykkti Alþingi frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sem felur í sér heimild til sveitarfélaga til að koma á fót neyslurými, þar sem einstaklingar, 18 ára og eldri, geta neytt ávana- og fíkniefna í æð undir eftirliti starfsfólks. Á fundi borgarstjórnar þann 20. október síðastliðinn var samþykkt að fela velferðarsviði að ganga til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um sameiginlegan rekstur á neyslurými í Reykjavík.

Í framhaldi óskaði velferðarsvið eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um sameiginlegan rekstur á neyslurými í Reykjavík. Í svari frá ráðuneytinu, dags. 10. febrúar sl., er bent á að skv. 2. gr. a laga um ávana- og fíkniefni sé það embætti landlæknis sem geti veitt sveitarfélagi heimild til að stofna og reka neyslurými. Ráðuneytið telji sig ekki hafa lagaheimild til að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um sameiginlegan rekstur neyslurýmis fyrr en slík heimild liggja fyrir. Hins vegar er bent á heimild í lögum um ávana- og fíkniefni sem sveitarfélag hefur til að semja við félagasamtök um rekstur neyslurýma, sem og heimild til að semja við heilbrigðisstofnun um reksturinn skv. nýbirtri reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými. Þá er vísað til sérstakrar heimildar í bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar til þess að nýta annan af bílum Frú Ragnheiðar sem neyslurými þar til neyslurými í varanlegu húsnæði hefur verið opnað. Jafnframt er staðfest að það fjármagn sem heilbrigðisráðherra ætlar til reksturs neyslurýmis stendur Reykjavíkurborg til boða. Samkvæmt fjárlögum er áætlað fjármagn frá heilbrigðisráðuneytinu til reksturs neyslurýmis 50 m. kr.